

Kristján Þórhalls

Fundur að Hallveigarstöðum 25.11.81.

Góðir fundarmenn.

Það hefur komið í minn hlut að kynna starfið framundan.

En áður en ég sný mér að því ætla ég að þakka fyrir þær hressilegu móttökur sem við fengum á fundinum á Hótel Borg. Viðbrögðin við þeim fundi sýna að okkur hefur tækist að vekja umræðu ^{og koma} Hvar sem menn koma saman snýst umræðan um kvennaframboð. Sumir eru á móti en ólíklegasta fólk er hlynnt því og umræða getur aldrei orðið nema til góðs. Hræðsluviðbrögð flokkanna sýnir að þeir skynja þessa þungu undiröldu, þeir skynja að mælirinn er fullur og þeir eru skíthraeddir. Kvennaframboð hefur skapað þrýsting. Það sýndi sig um helgina þegar 18 konur af 42 fulltrúum voru kosnar í miðstjórn eins flokksins - og við samgleðjumst bessum konum sem fóru inn og vorum að þær munu bæta spáfyrir malefnum sem varða kvenfelsi ^{þá um meittvængi} sem fósu vettvangi.

En við sem erum utan flokka og höfum ekki trú á stjórnmálauflokkunum höfum kosið aðra leið og meiri hluti kvenna eins og karla eru utan þeirra og til þessa fólks ætlum við að höfða. Staðreyndin er sú að það er bullandi ^{jánægja} með stjórnmálauflokkana og konur eru hið framsækna afl í þjóðféluginu í dag. Það er lag fyrir kvennaframboð og við verðum að fylgja þessari vakninu eftir og færa hana fram til sigurs í vor.

Það sem liggur fyrir núna er að búa til starfsgrundvöll. Það kom fram á fundinum á Borginni að grundvöllurinn að framboðinu er langt frá því að vera fullmótaður. Ég hef heyrt á mörgum að þeim fannst betta galli, ég er ekki sammála ég tel það kost. Þessi fundur var fyrst og frægst haldinn til þessa að kanna hug fólks til kvennaframboðs og við ~~og~~ höfðum engan rétt til þess að mæta þarna með fullmótaða stefnu í öllum málum og segja hér erum við, þetta viljum við standið með okkur. ^{Síðuna} Líkvöld ætlum við að fá fólk til að skrá sig í starfshópa um einstaka málaflokka og gefa því kost á að hafa áhrif á mótum stefnunnar.

Auðvitað höfum við ákveðnar hugmyndir um það hver stefnan á að vera. En við verðum að þróa okkur áfram og við þurfum að stofna starfshóp um hugmyndafræði kvennaframboðs. Við verðum að gera okkur vel grein fyrir því hvers vegna við viljum kvennaframboð og hvaða hugmyndafræði liggur að baki sliku framboði. Við ~~þurfum~~ að kynna okkur hvað er að gerast í kvennabaráttunni með því að lesa saman bækur og skrifa greinar.

Aður en ég sný mér að málaflokkunum ætla ég að gera grein fyrir föstu hópunum. Það kom upp sú hugmynd ~~það~~ að minnsta kosti þrír fastir hópar yrðu að vera starfandi til þess að halda utan um starfið ef svo má að orði komast. Þeir eru framkvæmdaneftind kynningarhópur og fjárlunarnarhópur.

Við höfum talað um að rétt væri að kjósa sjö konur í hvern hóp og ~~það~~ þær ábyrgar fyrir starfi ^{hóparna} þeirra. En ~~það~~ útilokar ekki aðra sem hafa áhuga fyrir að starfa í þessum hópum.

Framkvæmdaneftindin er hugsuð sem andlit hreyfingarinnar út á við - hreyfing segi ég einhver, hugmyndarík kona stakk upp á því að gefa öllum fordónum langt nef og kalla þetta kerlingabandalagið. Framkvæmdaneftindin verður hið alsjáandi auga sem hefur yfirsýn yfir alla starfsemina. Hún á að fylgjast með því að allir starfshópar séu virkir og sjá um að þeir skili niðurstöðum. Hún á að vera tengiliður við fjölmíðla og fá konur í viðtöl og þetti ef farið er fram á það.

Sex mánuðir eru nú til kosninga og þetta verður mikið og tímafrakkt starf. Til þess að dreifa ábyrgðinni og minnka vinnuálagið á nefndarmönnum legg ég til að eftir þrjá mánuði verði skipt, um fólk í ~~nefndumnum~~ konur kosnar. En þetta er hugmynd sem þarf að ræða og auðvitað á öll starfsemin að vera sveigjað leg en ekki rígskorðuð ^{ostfæstur}

Aðalhlutverk kynningarhópsins yrði hið skrifanda mál. Þessi hópur þarf að fá fólk til þess að skrifa greinar í blöð og svara ^{og} greinum. Hann þarf að fá listamenn til þess að gera plaköt sjá um útgáfu blaða og dréifirita fyrir kosningar. Sú hugmynd kom upp

í sumar að við myndum gefa út blað með Akureyrarkonum og er sjálfssagt að halda þeirri leið opinni.

Þessi hópur - og við öll - verðum að finna nýjar leiðir í kosningabaráttunni. Þetta er ný ung og fersk hreyfinga, sem hefur fengið byr undir báða vængi og við megum ekki hafa ellimörk flokkanna á okkur.

Hlutur fjáröflunarhópsins verður stór og mikill Við vitum öll að það er dýrt að halda uppi kosningabaráttu og til þess þarf mikið fé. Þessi hópur þarf ~~at~~ skipuleggja fjáröflun. Einhver sagði að bingó væri vänleg leið til skjótfengins gróða. Hvernig væri að halda kvennakabarett? Uppblædd á listaverkum eftir konur er líka einleið. Svo eru það auðvitaðhinar hefðbundnu kvennafjáröflunareiðir flóamarkaður, jólabasar, kökubasar og svo frv. Í fjáröflunarhóp þarf að verða duglegt fólk og frakkt ^{þur} þessu fylgir bett ~~það~~ ~~það~~ ~~það~~ verða hugmyndarikt og umfram allt álsleipt í peningamálum.

Þá er komið að starfshópunum. Það verður ekki kosið í þessa hópa en á ~~þat~~ eftir munu liggja frammið listar, sem menn geta skrifað sig á og vil ég endilega hvetja sem flesta til þess að skrá sig til starfa. Eg mun hér á eftir gera grein fyrir helstu málaflokkunum og þeim hugmyndum sem við höfum rætt í tengslum við þá.

Dagheimilismál Dagheimilin eru eins og allir vita nær eingöngu fyrir einstæðar mæður og stúdenta. Biðtíminn fyrir pennan forgangshóp er langur. Dagmömmurnar sjá um stóran hóp barna aðrir eru komnir upp á náð og miskunn vina og ættingja.. Það er dýrt að byggja dagheimili og við þurum að lesta ódýrarri lausna. A Skólavörðuholti rís nú upp stórt og mikkið steypumannvirki - ný Grænaborg. Framkvæmdir liggja niðri núna, því að ríkisvaldið vill minnka fjárveitingu til barnaheimilisins. Eg hef síðustu daga reynt að afla mér upplýsinga um kostnaðaráætlun hússins en án árangurs Teikningar af húsinu benda til þess að þetta mannvirki sé mörgum sinnum dýrara en einingahús sem gera alveg sama gagn.

viljum
Við ekki að byggja eilífðarmannvirki við erum að bæta
úr brýnni þörf.

Skólamál. Tveir og hálfur klukkutími er skóladagur sex ára barna.
En skóladagurinn lengist eftir því sem börnin eldast og
jafnframt venður stundataflan sundurslitnari. Afdrepin eru ekki á
hverju strái. Það verður hver fyrir sig að standa í reddingum og
hlaupum. Skólakerfið miðast við löngu liðna tíð og þjóðfélagsaðstæður
sem ekki ríkja lengur. Mæðrauppeldi í kjarnafjöldkyldu er á góðri
leið með að heþra sögunni til. Við viljum samfelldan skóladag ~~os~~
~~alla~~
mötuneyti í ~~skólanum~~. Flestir opinberir starfsmenn hafa
~~okkar~~
mötuneyti. Hvers vegna fá börnini ~~ekki~~ sömu þjónustu?

Skipulags- og umhverfismál. Borginni er skipt í grófum dráttum í
svefnhverfi annars vegar og atvinnuhverfi hins vegar. Langt ~~en~~ á
milli vinnustaðar og heimilis og töluverður tími fer í ferðalög.
Flestir ferðast um á einkabílum og hafa þeir forgang bæði á
hraðbrautum og í íbúðarhverfum. Bílaumferðin tekur sinn toll af
mannslífum á ári hverju og það óhugnanlega er að yfirvöld virðast
líta á ~~síkt~~ sem eðlilegan hlut. Það þarf að draga úr einkabilismanum
og bæta strætisvagnapjónustu. Einnig má minna á brýna nauðsyn á
hjólabrautum.

~~I~~ndir pennan málaflokk mætti setja mállefni sem við höfum sérstakan
áhuga á en það er að koma á virku lýðræði í úti í hverfunum með
öðrum orðum auka á valddreifinguna í borginni. Eins og stjórnerfi
borgarinnar er byggt upp er miðstýringin algjör. Íbúarnir hafa
lítill sem engin áhrif á framkvæmdir í sínu nánasta umhverfi.

Þau íbúasamtök sem stofnuð hafa verið undanfarið svo sem í
vesturbænum og þingholtunum eru tilraunir fólks til þess að hafa
áhrif ~~a þessu sviði~~
~~skipulag sínus hverfis.~~ Það þarf að tryggja ítök íbúanna
með laga- og reglugerðarbreytingum.

Húsnaðismál: Vinna, yfirvinna vinnuálag eru orð sem við heyrum oft.
Og það kemur niður á börnunum, makanum, félagslifinu og stjórnmá-

béttökunni. Þetta vinnuálag begar staðið er í húsnæðis-

kaupum. Fólk verður að fá að velja hvort það villum færa bær

fórnir sem þarf til að koma yfir sig eigin haki.

*leggjus með þarf að standa til bocta þeim sem ójosa að
leigja.*

Fað má spyrja. Hvers vegna viljum við að kvennaframboð til borgarstjórnar
leg : aðaláherslu á þessi mál sem hér voru talin. Jú við teljum það hlutverk
~~íkkon~~ að ráðast á stærstu hindranirnar gegn því að konur geti án meiri háttar
urfiðleika og álags sinnt því tvöfalda hlutverki sínu að eiga börn og vera að
þöru leyti virkir þjóðfélagsbegnar. Þið sem á mig hlustið verðið svo að metta,
vort þetta er rétt athugað hjá okkur. En það hlýtur að verða hlutverk
kvennaframboðsins að finna þessa málaflokka og heimta forgang á þeim og vera
þreytandi að berjast fyrir þeim. Með því getum við best gert kvenfrelsís-
aráttunni gagn já þessum vettvangi.

það er mikilvægt að
~~Hann tepti mikum nánar lokum og ekki var teknar~~ mikilvægar
~~okkum~~ 5.5
málaflokkar ~~einum~~ og æskulýðsmál, atvinnu- og kjaramál, Öldrunarmál
og menningarmál. Allt eru þetta mikilvæg mál sem varða okkur öll
og við verðum að fara vel í saunana á þeim.

Hvað varðar skipuleg hópanna þá ~~verður~~ að skipa hópstjóra sem
er gerður ábyrgur fyrir hópnum og sér um að kalla saman fund

Að lokum, ~~það~~ verðum ~~það~~ að kynna okkur uppbyggingu stjórnkerfis
~~hópsins~~ Reykjavíkurborgar ef við viljum breyta því. Það er ekkert i
kerfinu sem er óbreytanlegt. ~~Það er~~ Það
~~er~~ endalaust hægt að bæta það eins og önnur mannanna verk,